

Alþingi
Erindi nr. P 136/906
komudagur. 22.2.2009

280. mál, Seðlabanki Íslands

Þótt ég vilji verða sem best við beiðni viðskiptanefndar um að láta í ljósi álit mitt á frumvarpi til laga um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands, hef ég litla aðstöðu til rækilegrar umfjöllunar, nú seint á sunnudagskvöldi. Fyrst vil ég þá minna á að upphafleg lagasetning um Seðlabankann og allar veigamiklar breytingar á lögnum síðan hafa verið rækilega undirbúnar og um þær hefur því ætíð náðst þverpólísk samstaða á þingi. Ekki má vanmeta mikilvægi þess að sátt sé um skipulag sjálfstæðrar stofnunar, eins og Seðlabankans, sem taka þarf vandasamar og misvinsælar ákvarðanir í efnahagsmálum. Ég hvet því nefndina til að vanda sem best til verksins og byggja niðurstöður sínar á sem bestum upplýsingum um reynslu annarra þjóða á þessu sviði. Mér virðist sérstaklega mikilvægt að fá umsögn Seðlabanka Evrópu, sem mér skilst að hafi verið í boði, bæði vegna mikilla tengsla Íslands við ESB og lykilstöðu hans í peningamálum í okkar heimshluta.

Meginmarkmið endurskoðunar á lögum Seðlabankans nú hlýtur að vera að auka traust á íslenskum efnahagsmálum. Með því að vanda til verka og leita ráðgjafar þeirra sem best geta metið áhrif lagasetningarinnar á trúverðugleika bankans verður helst tryggt að þessu markmiði verði náð, ella gætu áhrifin orðið gagnstæð því sem að er stefnt.

Ekki fer á milli mála að frumvarpið er í upphafi mjög af vanefnum gert og er þakkarvert að meirihlutinn hefur þegar lagt fram breytingartillögur sem bæta nokkuð úr alvarlegustu vanköntum þess. Enn virðist mér þó þörf á mun rækilegri umfjöllun um meginatriði þess, þótt ég hafi á þessari kvöldstund hvorki tíma né aðstöðu til leggja þar mikið til mála. Tvennt við ég þó nefna sérstaklega.

Um hina nýju skipan bankastjórnarinnar vil ég segja það eitt að margt mælir með því að aðstoðarbankastjórnarnir verði tveir, en fyrir því eru mörg fordæmi í öðrum löndum. Með þessum hætti mundi seðlabankastjórinn ásamt hinum tveimur aðstoðarbankastjórum mynda nokkurs konar framkvæmdastjórn bankans. Í þessu þarf ekki að felast fjölgun yfirmanna, þar sem aðstoðarbankastjórnarnir gætu um leið verið sviðstjórar tveggja helstu starfsviða bankans.

Önnur meginbreytingin sem í frumvarpinu felst er að stofnuð verði peningastefnunefnd sem taki ýmsar helstu ákvarðanir varðandi stjórn peningamála. Nefndina skipi fimm menn þ.a. tveir sérfræðingar utan bankans. Slíkar nefndir eru nýmæli sem nokkur lönd hafa tekið upp á allra síðustu árum og er skipulag þeirra með ýmsum hætti. Ýmislegt mælir með þessu fyrirkomulagi. einkum það að fleiri sjónarmið hafi með því áhrif á ákvarðanir í peningamálum en þau sem ríkjandi eru innan Seðlabankans hverju sinni. Þetta skipulag verður þó enn að teljast á tilraunastigi og ekki séð hvernig það reynist til frambúðar. Áður en ákveðið er að fara inn á þessa braut hér á landi er því mikilvægt að afla sem viðtækastra gagna um reynslu annarra þjóða af þessu fyrirkomulagi. Sérstaklega skiptir miklu máli hvernig hinir utanaðkomandi sérfræðingar eru valdir og hvernig unnt sé að tryggja hvort tveggja í senn, faglega hæfni þeirra og óháða stöðu þeirra gagnvart hagsmunaaðilum sem ákvarðanir bankans hafa áhrif á. Skilgreining á valdsviði peningastefnunefndar virðist mér einnig þurfi að vera skýrari en felst í frumvarpinu og breytingartillögum meirihluta viðskiptanefndar, ella getur skapast óvissa um gildi einstakra ákvarðana bankans.

Virðingarfyllst,

Jóhannes Nordal